

Dagskrá ársfundar Stapa 2024 og tillögur stjórnar

2. maí 2024

Hofi, Akureyri

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum

Stjórn leggur til breytingar á greinum 19.4 og 19.6 a). Greinargerð með tillögum að breytingum á samþykktum sjóðsins er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins.

6. Stjórnarkjóri lýst

Fulltrúaráð sjóðsins hefur staðfest tilnefningar aðildarfélaga sjóðsins í stjórn.

Tveir fulltrúar atvinnurekenda ljúka kjörtímabili sínu 2024, þau Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Valdimar Halddórsson. Í stað Dagmars Ýrar er Elín Hjálmsdóttir tilnefnd til ársfundar 2026. Valdimar hefur setið í stjórn í sjö ár, en skv. samþykktum sjóðsins er hámarkstími samfelldrar stjórnarsetu átta ár. Valdimar er því tilnefndur til ársfundar 2025.

Tveir fulltrúar launþega ljúka kjörtímabili sínu 2024, þær Guðný Hrund Karlsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir. Guðný Hrund er áfram tilnefnd til ársfundar 2026 en í stað Oddnýjar Maríu er Þórarinn Sverrisson tilnefndur til ársfundar 2026.

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Stjórn sjóðsins leggur til að KPMG ehf. verði kjörið endurskoðandi sjóðsins.

8. Starfskjarastefna

Stjórn sjóðsins leggur til breytingar á starfskjarastefnu sjóðsins í samræmi við ákvæði um upplýsingagjöf vegna áhættu tengda sjálfbærni í rekstri sjóðsins. Starfskjarastefna með auðkenndum breytingum frá fyrra ári er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins.

9. Ákvörðun um laun stjórnar

Stjórn sjóðsins leggur til að stjórnar og nefndarlaun hækki um 3,25% frá fyrra ári og verði eftirfarandi:

- Stjórnarmaður: 91.045 kr. pr. mán og 60.696 kr. pr. mætingu á fund
 - Formaður stjórnar: 182.090 kr. pr. mán og 121.393 kr. pr. mætingu á fund
 - Varaformaður stjórnar: 136.566 kr. pr. mán og 91.045 kr. pr. mætingu á fund
 - Varamaður í stjórn: 75.870 kr. pr. mætingu á fund
- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 57.023 kr. á mánuði
 - Formaður endurskoðunarnefndar 114.046 kr. á mánuði
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 151.739 kr. fyrir starfsárið
 - Formaður nefndar um laun stjórnar 227.610 kr. fyrir starfsárið

10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

Launþegar tilnefna Ósk Helgadóttur og Tryggva Jóhannsson. Atvinnurekendur tilnefna Borghildi Rúnarsdóttur en auk hennar mun stjórnarformaður úr röðum launagreiðenda sitja í nefndinni.

11. Önnur mál